

## Jóhannes Kjarval listmálari.

1. september þ. á. höfðu nokkrir af vinum Kjarvals listmálara útbúið sýningu á málverkum hans í Mentaskólanum. Tílefnið var það, að Kjarval verður fimtugur á þessu hausti, 15. október, en heppilegra þótti, að hafa sýninguna á þessum tíma. Þeir, sem gengust fyrir sýningunni, voru: Guðbrandur Magnússon framkvæmdastjóri, Magnús Kjaran kaupmaður og Jón Kaldal ljósmyndari. Var opnun sýningarinnar hátíðleg, forhlið skólans og brautin upp að honum flöggum skreytt, en Lúðrasveit Reykjavíkur ljek nokkur lög framan við skólann meðan sýningargestirnir gengu inn. Varð þar brátt fjölmenni og söfnuðust menn saman í hátíðasal skólans. — Forsætisráðherra Hermann Jónasson opnaði sýninguna með ræðu, síðan talaði Guðmundur Finnbogason landsbókavörður, og ritstj. »Óðins« las upp kvæði til Kjarvals; en Kjarval þakkaði öllum, sem að sýningunni höfðu unnið. Að því búnu söng Karlaóór Reykjavíkur, undir stjórn Sigurðar Þórðarsonar, nokkur lög. — Var öllu þessu útvarpað.

Síðan fóru menn að skoða málverka-sýninguna. Hún þakti alla veggj í anddyri skólans, í ganginum eftir endilöngu húsinu, í skólastofunum niðri og í hátíðasalnum uppi. Myndirnar voru ljeðar á sýninguna af eigendum þeirra hjer í bænum og grendinni, af ríkinu og af Kjarval sjálfum. Höfðu margir orð á því, er þeir höfðu litið yfir sýninguna, hver afkastamaður Kjarval væri og hve mikil fjölbreytni væri í verkum hans. Þó var ekki þarna saman komið nærri því allt, sem til er eftir hann af málverkum hjer í bænum, því rúmið var þrotið í sýningarstofunum aður en það næðist allt saman. Þar að auki er margt af málverkum Kjarvals til og frá úti um land og margt erlendis. Um 700 manns sóttu sýninguna fyrsta daginn, en ákveðið var, að hún skyldi opin til 10. september.

Forsætisráðherra tók það fram í ræðu sinni, að tilgangur sýningarinnar væri, að veita nokkurt yfirlit



Jóhannes Kjarval listmálari.

yfir verk listamannsins, en þótt margt vantaði af verkum hans, þá mundi þó mega telja, að sýningin gæfi harla fullkomið yfirlit yfir fjölbærni og myndauðgi þessa listamanns. Og þá væri takmarkinu náð. En allt fram að þessari sýningu hefði slíkt yfirlit ekki verið til. Þótt við ættum bókmenta-arf frá forfeðrunum, sem ekki yrði metinn til fjár, þá nægði það okkur ekki, sem nú lifðum á Íslandi, til þess að verða taldir til menningarþjóða, ef ekki brytist hinn áskapaði arfur þjóðstofsins fram í fleiri greinum frumlegra gáfna og menningarstarfs. Með þessari sýningu væri fram komin enn ein sönnun fyrir því, að íslenska þjóðin ætti skilið stjórnarfarslegt frelsi, og mundi verða þess megnug, að taka á móti því.